

Fjarðabyggð, 24. júní 2022.

Ábendingar um nauðsynlegar breytingar á kosningalögum nr. 112 frá 2021.

Í tilefni af því að Dómsmálaráðuneytið hefur í samráðsgátt stjórnvalda áform um breytingar á kosningalögum nr. 112 frá 2021 og gefið frest til 1. júlí næstkomandi til að koma með ábendingar varðandi það, hefur yfirkjörstjórn Fjarðabyggðar komið saman og sett saman eftirfarandi ábendingar um efnið, byggðar á þeirri reynslu af framkvæmd laganna sem fékkst í nýafstöðnum sveitarstjórnarkosningum.

Hæfisreglur kjörstjórna, 18.gr.

Mikilvægt er að breyta reglum um hæfi kjörstjórnarmanna í þá átt að ekki verði gerðar jafnríkar kröfur til hæfis kjörstjórnarmanna og nú er.

Líklega kom öllum á óvart í liðnum sveitarstjórnarkosningum hversu margir urðu vanhæfir. Eitt er að sjá vanhæfisreglurnar á blaði, annað að finna út þegar nöfn frambjóðenda liggja fyrir hversu margir kjörstjórnarmenn urðu vanhæfir. Mjög mikið var um vanhæfi í kjörstjórnnum í Fjarðabyggð, af aðal- og varamönnum voru um 42% vanhæfir, og þar af fimm af átta formönnum kjörstjórna. Þetta er auðvitað mjög bagalegt.

Reglurnar eru auk þess mjög flóknar, svo flóknar að í skýringum og skýringamyndum sem birtust í fjölmiðlum frá Landskjörstjórn var ekki fyrr en í þriðju eða fjórðu útgáfu sem öll vanhæfistengsl komu fram. Í framkvæmd er þetta líka hættulegt, tengslin eru orðin það fjarlæg að mjög raunhæft er að kjörstjórnarmaður átti sig ekki á því að hann sé vanhæfur. Að auki er rétt að benda á að eðli starfa kjörstjórna er ekki þannig að gera eigi strangar hæfiskröfur. Víða eru fulltrúar í kjörstjórnnum valdir pólitískt og þá væntanlega mun vilhallari viðkomandi framboði heldur en þó ættingi ætti þar sæti t.d. neðarlega á lista. Kerfið gerir þannig beinlínis ráð fyrir að kjörstjórnarmenn séu hlutdrægir. Það er hins vegar ekki hættulegt af tveimur ástæðum: Annars vegar þeirri að kjörstjórnir eru fjölskipað stjórnvald og einn kjörstjórnarmaður getur ekkert gert upp á eigin spýtur (t.d. má einn kjörstjórnarmaður aldrei vera einn eftir í kjörfundarstofu eða sýsla einn með kjörgögnin). Hins vegar vegna þess að öll störf kjörstjórna eru skráð og auðvelt að fylgjast með þeim og endurskoða þau (t.d. aðkoma umboðsmanna og möguleikar á kærur).

Í fyrri lögum (2. mgr. 16. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24 frá 2000 og 2. mgr. 16. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5 frá 1998) var vanhæfi ekki látið skipta máli nema þegar til úrskurðar væri eitthvað varðandi þann frambjóðanda sem tengdur var kjörstjórnarmanninum. Lagt er til að það fyrirkomulag verði áfram haft á vanhæfisreglum.

Upphaf utankjörfundaratkvæðagreiðslu, 68.gr. sbr. 47. gr. frestinn:

Lagt er til að utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefjist átta vikum fyrir kjördag eins og var í tíð eldri laga, en ekki 29 dögum fyrir kjördag.

Í nýafstöðunum sveitarstjórnarkosningum voru þó nokkur tilvik þar sem kjósendur höfðu samband við yfirkjörstjórn Fjarðabyggðar og lýstu því að þau færu af landinu nokkru áður en 29 daga fresturinn hæfist og ættu því ekki kost á að kjósa. Þetta er sérstaklega raunhæft með sjómenn og fólk af erlendum uppruna sem tekur löng sumarfrí í heimalandi sínu.

Telja verður að fyrir fólk í þessum aðstæðum sé af tvennu illu skárri að það fái að kjósa þó formlega liggi ekki fyrir hvaða framboð verði í kjöri, heldur en að það sé með þessu móti í raun svipt kosningarétti sínum.

Einnig skal bent á að miðað við dagsetningu reglulegs kjördags samkvæmt lögunum og 29 daga frestinn er líklegt að páskar muni í mörgum tilvikum rekast á við upphaf frestsins og þannig í raun stytta hann enn frekar.

Einnig þykir rétt að upphaf utankjörfundaratkvæðagreiðslu sé sé föst dagsetning en ekki háð því hve hratt tekst að auglýsa framboð eins og nú er miðað við sbr. 47. gr.

Sendiumslög utankjörfundaratkvæða:

Lagt er til að á sendiumslögum (ytri umslögum) utankjörfundaratkvæða komi fram nafn, kennitala og heimil viðkomandi kjósanda.

Núgildandi fyrirkomulag um að aðeins komi fram kennitala kjósandans tefur mjög fyrir við flokkun framkominna utankjörfundaratkvæða til dreifingar í kjördeildir. Í liðnum kosningum þurfi yfirkjörstjórn Fjarðabyggðar einfaldlega að fletta upp öllum kennitölunum og handskrifa á umslögin nöfn og heimilisföng viðkomandi kjósenda, til að geta komið því örugglega í rétta kjördeild. Minnt er á í þessu sambandi að kjörskrár eru færðar eftir götuheitum.

Skilríki umboðsmanna, 53. gr. 3 mgr.:

Lagt er til að þetta ákvæði verði fellt brott. Eða að minnsta kosti að þetta sé valkvætt en ekki skyldubundið.

Í tilviki Fjarðabyggðar og eflaust allra sveitarfélaga nema þeirra allra stæstu er það þannig að allir kjörstjórnarmenn þekkja viðkomandi umboðsmenn. Og í þeim fáu tilvikum sem svo er ekki liggja nöfnin fyrir og auðvelt að staðreyna með almennum persónuskilríkjum að um viðkomandi umboðsmenn sé að ræða. Reglan er í raunni óþarfa vafstur.

Tímamörk um útgáfu reglna og leiðbeininga:

Æskilegt er að sett séu tímamörk þannig að reglugerðir, reglur, fyrirmæli og leiðbeiningar sem kjörstjórnnum er ætlað að fara eftir séu settar fram vel tímanlega fyrir kosningar.

Misbrestur var á þessu í síðustu kosningum.

Ítarlegar reglur um framkvæmd talningar.

Lagt er til að reglugerð um talningu atkvæða nr. 431 frá 2022 verði felld úr gildi og heimild laganna til setningar slíkrar reglugerðar felld brott eða takmörkuð.

Umrædd reglugerð er alltof ítarleg. Ekki er ástæða til að binda hendur yfirkjörstjórna um vinnubrögð og verklag svo kyrfilega sem þar er gert. Reglurnar taka ekki tillit til mismunandi stærðar sveitarfélaga t.d.

Aðstoðarmaður við atkvæðagreiðslu að manni sem fylgir kjósanda, 74. og 89. gr.:

Heimildin til þessa stangast á við meginregluna um leynd kosninga og er vandmeðfarin. Því er velt upp að við endurskoðun laganna verði athugað hvort ekki sé rétt að hún verði felld brott eða a.m.k. þrengd.

Kjörstjórnir kjördæmanna:

Upphaflegt frumvarp að kosningalögum nr. 112 frá 2021 er að finna á þingskj. 401 á 151. löggjafarþingi. Gerði það ráð fyrir að yfirkjörstjórnir kjördæmanna yrðu lagðar niður.

Hugmyndir þessar eru athyglisverðar og því hér með velt upp við ráðuneytið að taka breyta lögnum til samræmis við þessar hugmyndir.

Þannig samþykkt í yfirkjörstjórn Fjarðabyggðar,

Gísli M. Auðbergsson,

Agnar Bóasson

Kristjana Mekkín Guðnadóttir

